

Nd.

## 53. Breytingartillögur

[39. mál]

við frv. til laga um kjaramál.

Frá Albert Guðmundssyni.

1. Við 7. gr.
  - a. 2. málsgr. falli niður.
  - b. 1. og 3. málsgr. falli niður.
2. Fyrirsögn IV. kafla orðist svo:

Um sérstakan skyldusparnað sem leggja skal á eignarskatt, tekjuskatt og tekjur af atvinnurekstri.
3. 8. gr. breytist þannig:
  - a. „Eignarskattsauki“ í fyrsta málslið verði: Skyldusparnaður.
  - b. Síðari málsgrein falli niður.
4. 9. gr. breytist þannig:
  - a. „Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur“ í 1. málslið verði: Á árinu 1978 skal lagður sérstakur skyldusparnaður.
  - b. „reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn“ í 2. málsgr. verði: reiknast þá sérstaki skyldusparnaðurinn.
  - c. „Áður en skattur er ákvarðaður“ í 3. málsgr. verði: Áður en skyldusparnaður er ákvarðaður.
  - d. Síðasta málsgrein falli niður.
5. 10. gr. breytist þannig:
  - a. „Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt“ í 1. málslið verði: Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skyldusparnað.
  - b. „Þessi sérstaki skattur skal nema 6%“ í 3. tölulið 1. málsgr. verði: Þessi sérstaki skyldusparnaður skal nema 6%.
  - c. Síðasta málsgrein falli niður.
6. 11. gr. breytist þannig:
  - a. „Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta . . . og gilda um þá“ í 1. málslið verði: Skattstjórar sjá um útreikning þessa skyldusparnaðar . . . og gilda um hann.
  - b. „Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta“ í 2. málslið verði: Skattstjórar skulu við útreikning þessa skyldusparnaðar.
  - c. „að lækka eða hækka eða leggja á skatta“ í síðasta málslið verði: að lækka eða hækka eða leggja á skyldusparnað.
7. 12. gr. breytist þannig:
  - a. „Innheimta skatta“ í 1. málslið verði: Innheimta skyldusparnaðar.
  - b. „Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á . . . skulu þeir felldir“ í 2. málslið verði: Nái samtala þess skyldusparnaðar sem lagður er á . . . skal hann felldur.
  - c. „Skattar þessir skulu innheimtir“ í 3. málslið verði: Skyldusparnaður þessi skal innheimtur.
  - d. Nýr málsliður komi sem hljóði þannig:

Skyldusparnaður þessi skal færður á sérstakan reikning hvers gjaldanda jafnóðum og hann er innheimtur og endurgreiðast gjaldanda tveim árum eftir að hann hefur lokið greiðslu hans ásamt fullum vísitölubótum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma auk 4% ársvaxta. Sömu aðilar og annast innheimtuna skulu annast endurgreiðslu fjárens og útreikning vísitölubóta.